


Reykjavík 29.01.2020.

Hr. Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar  
Gunnar Kristinn Ottósson

### Erindi til umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar

Fyrir hönd eigenda hússins að Klettatröð 8 í Reykjanesbæ er hér með sótt um að við frágang tillögu aðalskipulags Reykjanesbæjar verði svigrúm á lóðum nr. 8-10 við Klettatröð aukið í samræmi við upphaflega notkun húsa á þeim lóðum. Á uppdrætti verði afmarkaður reitur fyrir lóðirnar sem fai sér númer AT-X.X og gerð skilgreining um reitinn í greinargerð með aðalskipulagi. Lóðirnar eru á svæði sem er skilgreint sem athafnasvæði. Lóð nr. 8 er skráð 9.635 m<sup>2</sup> og lóð nr. 10 er skráð 9.656 m<sup>2</sup>.

Í skipulagsreglugerð er svigrúm til að gera frávikum skil í greinargerð með aðalskipulagi og eru dæmi um all fjölbreytilega notkunarmöguleika á athafnasvæðum. Samkvæmt túlkun Skipulagsstofnunar má t.d. skrá hótel- og gistiþjónsuntu á athafnasvæðum.



Mynd af aðalskipulagsuppdrætti dags. 14.06.2017.

Húsin á lóð nr. 10 voru frá upphafi hönnuð fyrir hótel- og gistiþjónustu og eru notuð sem slík. Húsið á lóð nr. 8 var hannað sem skrifstofu- og þjónustuhús og það er nú nánast ónotað. Húsin eru því öll upphaflega samþykkt fyrir notkun sem fellur undir verslun og þjónustu þó þau séu nú á skilgreindu athafnasvæði. Æskilegt er að gera grein fyrir notkun sem stuðlar að áframhaldandi notkun húsa á lóð nr. 10 og ýtir undir nýtingu húss á lóð nr. 8. Á lóð nr. 8 er æskilegt að geta breytt húsinu þannig að þar verði hótel- og gistiþjónustu til skammtímaleigu og e.t.v. skrifstofur á hluta neðri hæðar.

Í texta um reitinn gæti t.d. staðið eitthvað á þessa leið: **Á reitnum AT-X.X eru þrjú hús og þar er heimilt að hafa verslun og þjónustu, þar með talið hótel- og gistiþjónustu. Sú kvöð er á þessari notkun að um athafnasvæði er að ræða og geta lóðarhafar/húseigendur því ekki amast við athafnastarfsemi á öðrum lóðum á athafnasvæðinu.**

Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt faí

Hildigunnur Haraldsdóttir